Póst- og fjarskiptastofnun
Ársskýrsla 2011




PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra 5
Evrópskur samanburður 6
Fjarskiptamarkaðurinn 7
Tækniþróun og skipulag tíðnimála 9
Skráð fjarskiptafyrirtæki 12
Net- og upplýsingaöryggi 15
Neytendamál 17
Póstmarkaðurinn 22
Alþjóðlegt samstarf 23
Ákvarðanir og úrskurðir 24
Skipurit, deildir og starfsmenn PFS 32
Starfsemin í tölum 35
Ársreikningur Póst- og fjarskiptastofnunar 2011 36



Úr stefnu:

Póst- og fjarskiptastofnun sýni myndugleika í starfi og fylgi af festu eftir lagafyrirmælum og ákvörðunum. Stofnunin sýni frumkvæði með fyrirbyggjandi eftirliti og kanni raunverulega stöðu mála, m.a. með því að gera vettvangsrannsóknir ef þurfa þykir.

Ávarp forstjóra



Aukin starfsemi á tímum samdráttar

Meginhlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og póstþjónustu fyrir neytendur í upplýsingasamfélagi nútímans. Til að uppfylla þetta hlutverk stuðlar stofnunin að þróun markaða og fjarskiptaneta með framvirkum hætti. Það birtist m.a. í því að móta leikreglur markaðsaðila og greiða götu nýrra aðila eða þjónustu inn á markaðinn. Um leið kallar aukin fjölbreytni og samkeppni á virkara eftirlit, stefnumótun og samvinnu.

Meginhlutverk PFS er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og póstþjónustu fyrir alla landsmenn.

Sífellt auknar kröfur eru gerðar í ríkisrekstrinum. Fjárheimildir ríkisstofnana hafa verið skornar niður, verkefnum hefur fjölgað og kröfur um fagleg vinnubrögð aukist. PFS hefur ekki farið varhluta af þessari þróun. Stofnunin hefur undanfarin ár ekki fengið að njóta markaðra tekjustofna sinna að fullu og getur því ekki sinnt öllum lögbundnum skyldum af þeim þunga sem hún telur þörf er á. Engu að síður hefur áfram verið unnið að því að styrkja starf stofnunarinnar, ekki síst með bættu skipulagi og aukinni áherslu á gæðamál.

Bætt eftirlitsmenning - skortur á úrræðum

Fjarskiptamarkaðurinn hefur þróast mikið undanfarin ár og í harðnandi samkeppnisumhverfi hafa komið upp ýmis mál þar sem fyrirtæki hafa farið á svig við lög og reglur sem gilda um starfsemi þeirra. Í kjölfar efnahagshrunsins og skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefur orðið nokkur umræða um bætta eftirlitsmenningu hérlendis. Felst hún m.a. í því að eftirlitsstofnanir starfi af myndugleika og fylgi regluverkinu eftir af festu. PFS hefur mótað sér stefnu þar sem lögð er áhersla á bætta eftirlitsmenningu, en um leið hefur stofnunina skort úrræði, t.d. sektarheimildir sem hægt væri að grípa til þegar brot hafa átt sér stað. Hefur stofnunin lagt til við innanríkisráðherra að slíkt ákvæði verði sett í fjarskiptalög.

Minnkandi bréfapóstur og hagræðing í póstþjónustu

Magn bréfasendinga hefur minnkað mikið á síðustu árum og frá árinu 2005 hefur bréfum innan einkaréttar, þ.e. innan við 50 g., fækkað um 32%. Þetta hefur kallað á aukna hagræðingu í póstþjónustunni um leið og uppfylla þarf kröfur um alþjónustu sem allir landsmenn eiga rétt á án tillits til búsetu. Íslandspóstur hefur brugðist við þessari þróun m.a. með því að fækka pósthúsum bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. PFS leggur áherslu á að tryggja hag neytenda á póstmarkaði sem best gagnvart þeirri þróun sem er að eiga sér stað. Stofnunin hefur unnið að ákvörðun um breytingar á fyrirkomulagi gjaldskrár og afsláttarflokkum. Einnig er unnið að endurskoðun kostnaðargrunns Íslandspósts. Á komandi misserum þarf að taka afstöðu til þess með hvaða hætti fyrirkomulag alþjónustu verður háttað og hvort og hvernig einkaréttur verður afnuminn.

Evrópskur samanburður:

Sterk staða fjarskipta og upplýsingatækni á Íslandi

Í desember 2011 kom út skýrsla sem Evrópusambandið lét vinna um stöðu fjarskipta og upplýsingatækni í þeim löndum sem nú teljast taka þátt í stækkunarferli sambandsins, þ.á.m. á Íslandi. Skýrslan var unnin af alþjóðlega rannsóknarfyrirtækinu **Cullen International** og er hluti af þriggja ára verkefni (2011 – 2013) sem fyrirtækið vinnur fyrir ESB.

Auk þessa er tilhögun eftirlits og staða eftirlitsstofnana skoðuð í skýrslunni.

Almennt gefur skýrslan jákvæða mynd af stöðu Íslands, Íslendingar séu langt komnir með að laga fjarskiptaumhverfi sitt að lögum og regluverki ESB. Í samanburði við ESB löndin og önnur lönd í stækkunarferlinu kemur Ísland vel út á nær öllum sviðum.

Í skýrslunni er horft til framtíðar og þess sem leggja þarf áherslu á varðandi fjarskiptamarkaðinn á næstunni. Varðandi Ísland er lögð áhersla á innleiðingu endurskoðaðs fjarskiptaregluverks Evrópu og vinnu við aðra umferð markaðsgreininga, sem nú er í fullum gangi innan PFS.

Sérstaklega er rætt um eftirlitsstofnanir í skýrslunni og nauðsyn þess að þær hafi fjárhagslegt sjálfstæði og valdheimildir til að fylgja eftirlitshlutverki sínu eftir. Vissar áhyggjur af fjárhagslegu sjálfstæði Póst- og fjarskiptastofnunar koma fram og bent er á að í kjölfar efnahagshrunsins 2008 hafi stofnunin búið við skerðingu á þeim fjármunum sem hún fær úthlutað til starfsemi sinnar á ári hverju.

Skýrslu Cullen má nálgast á vef fyrirtækisins:
http://www.cullen-international.com/other-services/studies.htm



Fjarskiptamarkaðurinn – Hröð þróun og aukin samkeppni

Fjarskiptamarkaðurinn hefur þróast mikið undanfarin ár. Helst má nefna aukna samkeppni í að veita fjarskiptaþjónustu á heildsölustigi. Skýrist sú þróun m.a. af aukinni uppbyggingu fjarskiptaneta undanfarin ár sem og fjölgun burðugri netrekenda. Þannig starfrækja tvö fjarskiptafyrirtæki, þ.e. Síminn hf. og Fjarskipti ehf., landsdekkandi farsímanet í samkeppni hvort við annað um að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að netum sínum. Farsímafyrirtæki á borð við TAL og Alterna, sem ekki reka sitt eigið fjarskiptanet nema að litlum hluta, eiga því val um hvaðan þau kaupa aðgang að farsímaþjónustu á heildsölustigi. Hefur þessi þróun m.a. orðið til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hefur séð ástæðu til þess að fella niður þær kvaðir sem hvíldu á Símanum um að veita aðgang að farsímaneti sínu.

Uppbygging Gagnaveitu Reykjavíkur á ljósleiðaraneti í Reykjavík hefur auk þess orðið til þess að skapa aukna samkeppni í netrekstri sem býður upp á frelsi notandans til þess að velja sér tegund háhraða gagnaflutningsþjónustu. Með sama hætti og á við á farsímamarkaði eiga fjarskiptafyrirtæki sem starfa á gagnaflutnings- og talsímamarkaði, eins og Símafélagið og Hringdu, sem ekki ráða yfir fjarskiptainnviðum nema að litlu leyti, nú kost á því að velja sér heildsöluaðila til að versla við.

Þessi staða á markaðnum er þó viðkvæm og mun stofnunin fylgjast grannt með þróun mála á komandi árum. Til dæmis virðist það vera ljóst að tilverugrundvöllur smærri fjarskiptafyrirtækja á gagnaflutningsmarkaði mun að miklu leyti ráðast af möguleikum þeirra til þess að geta boðið upp á sjónvarpsþjónustu í endursölu.

Samkeppni í rekstri fjarskiptaneta hefur einnig verið jákvæð á landsbyggðinni undanfarin ár. Til dæmis hefur aðgangur Vodafone að NATO ljósleiðarastrengnum styrkt stöðu fyrirtækisins sem netrekanda á heildsölustigi um allt land, í samkeppni við Mílu. Búast má við því að samkeppni í netrekstri haldi áfram á komandi árum, þar sem merkja má áhuga vatns- og raforkufyrirtækja, þ.e. veitufyrirtækja, á því að samnýta jarðvegsframkvæmdir til að leggja ljósleiðara samhliða veitulögnum. Slíkar framkvæmdir geta bætt stofnnet fjarskipta í afskekktari byggðum landsins til muna og opnað fyrir samkeppni á svæðum sem áður bjuggu við einokun. Hafa stjórnvöld lagt sitt af mörkum til að greiða fyrir að þessi þjóðhagslega hagkvæma uppbygging eigi sér stað með því að leggja fram frumvarp sem kveður á um sérstaka kostnaðarskiptingarreglu vegna slíkra sameiginlegra framkvæmda til hagsbóta fyrir fjarskiptin.

Aðhald PFS og úrlausn deilumála

Aukin samkeppni á fjarskiptamarkaði leiðir ekki endilega af sér af sér færri ágreiningsmál. Hins vegar má segja að eðli þeirra hafi að einhverju leyti breyst. Þannig hefur frumkvæðismálum stofnunarinnar gagnvart fjarskiptafyrirtækjum með markaðsráðandi stöðu með það að markmiði að leggja á þau íþyngjandi kvaðir til þess fallnar að opna fyrir samkeppni, fækkað. Í staðinn hefur málum fjölgað þar sem samkeppnisaðilar deila við markaðsráðandi aðila um túlkun og inntak þeirra íþyngjandi kvaða sem hvíla á hinum síðarnefndu. Má t.d. vísa til þess að stofnunin hefur í tvígang þurft að skera úr um ágreining Vodafone og Mílu um aðgang þess fyrrnefnda að aðstöðu og leigulínum hjá Mílu vegna leigu Vodafone á NATO ljósleiðarastrengnum, sbr. annars vegar ákvörðun nr. 34/2010 og hins vegar nr. 28/2011. Þá hefur stofnunin skorið úr um ágreining vegna sýndarnetssamnings sem Síminn gerði við TAL, en Vodafone taldi hann ekki samrýmast kvöðum sem hvíldu á Símanum varðandi slíkan heildsöluaðgang, sbr. ákvörðun nr. 13/2012. Þessi ágreiningsmál eru að áliti PFS til marks um aukna samkeppni á heildsölumarkaði þar sem netrekendur takast á um hlutdeild í heildsöluviðskiptum á fjarskiptamarkaði.

Í starfi stofnunarinnar þarf á stundum að beita íþyngjandi aðgerðum og veita markaðsaðilum þétt aðhald. PFS hefur mótað sér þá stefnu að stofnunin sýni myndugleika í starfi og fylgi af festu eftir lagafyrirmælum og ákvörðunum. Einnig getur þurft að sýna frumkvæði með fyrirbyggjandi eftirliti og kanna raunverulega stöðu mála, m.a. með því að gera vettvangsrannsóknir ef þurfa þykir. Átti þetta m.a. við um úttekt PFS á svokölluðum CDR gagnagrunni Símans, sem m.a. heldur utan um fjarskiptaumferðarupplýsingar í kerfum fyrirtækisins. Taldi PFS, að lokinni rýni á skriflegum gögnum um öryggisskipulag í tengslum við gagnagrunninn og vettvangsrannsókn þar að lútandi, að úrbóta væri þörf í tilteknum átján liðum, sbr. ákvörðun PFS nr. 2/2012.

Í nokkrum tilfellum þegar markaðsaðilar hafa brotið af sér virðist ásetningur vera til staðar og spurningar vakna um hvort starfað sé af heilindum og siðferði. PFS telur því ástæðu til að beina sjónum sérstaklega að eftirlitsmenningu hérlendis og hvetur til þess að fyrirtæki geri raunverulegar og virkar ráðstafanir til að starfa í samræmi við lög. Er þessu sérstaklega beint til þeirra fjarskipafyrirtækja sem Samkeppniseftirlitið og/eða PFS hafa séð ástæðu til að sekta vegna brota eða áminna alvarlega í ákvörðunum sínum.

Stofnunin hefur m.a. af ofangreindum ástæðum séð sig nauðbeygða til að leggja það til við innanríkisráðherra að hlutast til um að ákvæði um sektarheimildir verði sett í fjarskiptalög. Er slíkt ákvæði nú í meðförum Alþingis. Hlutverk þess er að þvinga markaðsaðila til að huga alvarlega að afleiðingum lögbrota og forðast slík brot. Nauðsynlegt er að efla markvissa eftirfylgni við lög og reglur, en um leið þurfa að vera til staðar viðeigandi úrræði, t.d. sektarheimildir, sem hægt er að grípa til þegar brot hafa átt sér stað.

TÆKNIÞRÓUN OG SKIPULAG TÍÐNIMÁLA

Ný reglugerð um skipulag og úthlutun tíðna

Í nóvember 2011 var gefin út ný reglugerð um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum nr. 1047/2011. Með setningu reglugerðarinnar er verið að stuðla að skilvirku skipulagi á skráningu og úthlutun tíðna með það að markmiði að nýting tíðna verði bæði hagkvæm og skynsamleg. Jafnframt er verið að styrkja ákvarðanatökuferli Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi skipulag og úthlutun tíðniréttinda, sérstaklega með útboðs- og uppboðsaðferðum. M.a. er fjallað um þau sjónarmið sem geta verið grundvöllur mats við úthlutun tíðniréttinda og um þau skilyrði sem binda má notkun slíkra réttinda. Má ætla að reglugerðin stuðli að gagnsæi stjórnsýslu tíðnimála og auki jafnframt fyrirsjáanleika þess regluumhverfis sem snýr að hagsmunaaðilum.

Samráð um tíðnistefnu

Póst- og fjarskiptastofnun hefur það hlutverk, samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 81/2003, að annast skipulag tíðnirófsins þannig að hagnýting þess í þágu fjarskipta sé skilvirk, hagkvæm og truflanalaus. Í störfum sínum horfir PFS jafnframt til eins helsta markmiðs fjarskiptalaga um að íslenska ríkið skuli tryggja, eftir því sem kostur er, að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu eftir því sem mælt er fyrir um í fjarskiptalögum. Sumarið 2011 birti Póst- og fjarskiptastofnun drög að tíðnistefnu sinni til umsagnar.

Helstu niðurstöður PFS að loknu samráðinu eru m.a. þessar:
Tíðniréttindi á 800 MHz tíðnisviðinu, m.a. til notkunar fyrir fjórðu kynslóð farnetsþjónustu, verða boðin upp þegar aðstæður leyfa á árinu 2012. Gert verður ráð fyrir því að 800 MHz tíðnisviðið verði tæknilega hlutlaust.

Tíðniheimildum á 900 MHz tíðnisviðinu verður endurúthlutað til núverandi tíðnirétthafa samkvæmt fyrirliggjandi umsóknum til ársins 2022. Hluti af úthlutuðu tíðnisviði til Símans og Vodafone verður þó með skemmri gildistíma eða til 5 ára. Tíðnisviðið verður bundið við GSM/UMTS farsímaþjónustu.

Núverandi tíðniréttindum á 1800 MHz verður endurúthlutað til núverandi tíðnirétthafa samkvæmt fyrirliggjandi umsóknum til ársins 2022. Nova mun gefast tækifæri á því að bæta við sig tíðnisviði þannig að það verði 2x15 MHz á stærð til samræmis við tíðniheimildir Símans og Vodafone. Gerður verður fyrirvari varðandi breytingar á skilmálum heimildanna, t.d. í tengslum við útbreiðslukröfur sem mótaðar verða í tengslum við uppboð á afganginum á tíðnisviðinu. Uppboð á afganginum, samtals allt að 2x25 MHz (miðað við að Nova kjósi að bæta við sig tíðnisviði), mun fara fram samhliða uppboði á 800 MHz tíðniréttindum, sbr. ofangreint. Gert verður ráð fyrir því að 1800 Mhz tíðnisviðið verði tæknilega hlutlaust.

Miðað við fyrirséða vaxandi eftirspurn eftir tíðnisviðum fyrir fjórðu kynslóð farneta er útlit er fyrir að 2600 MHz tíðnisviðið, sem nú er að mestum hluta nýtt fyrir MMDS sjónvarpsþjónustu, verði úthlutað til nota fyrir fjórðu kynslóðar farnetsþjónustu við lok gildistíma tíðniheimildar Vodafone í júní 2014.

Fjarskiptatíðnir eru mikilvæg auðlind

Ný reglugerð um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum stuðlar að gagnsæi í stjórnsýslu tíðnimála og hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu tíðna.

Ljósleiðarar eru framtíð fasta fjarskiptanetsins

Eðlilegt er að setja langtímamarkmið um að fjarskiptaþjónusta í fastanetum verði veitt um ljósleiðara, þrátt fyrir að þjónusta um koparheimtaugar geti enn um sinn veitt fyllilega samkeppnihæfa þjónustu.


Uppbygging fjarskiptaneta á næstu árum

Á næstu árum þarf að ráðast í verulega uppbyggingu fjarskiptaneta og auka þarf afkastagetu og þróa innri virkni fjarskiptaneta til að standast kröfur sem gerðar verða varðandi aðgengi, gæði og öryggi.

Með innleiðingu fjórðu kynslóðar farneta mun hraði og magn gagnasendinga í farnetum margfaldast. Gera má ráð fyrir að innan fárra ára verði algengur hraði farnetstenginga 30 Mb/s. Í dag eru um þriðjungur fjarskiptasendistaða tengdir við ljósleiðara. Með auknum hraða farneta kemur að því að nauðsynlegt er að tengja flesta þessara sendistaði við ljósleiðaranet.

Styrkja þarf ljósleiðaranet landsins verulega, bæði vegna kröfu um aukinn hraða háhraðatenginga og til að efla öryggi netsins í heild. Einnig gæti aukinn áhugi á gagnaverum haft áhrif hér. Stór hluti fjarskiptanets landsins byggir nú á ljósleiðaratengingum og í nær öllum nýframkvæmdum í fjarskiptum eru lagðir ljósleiðarar. Því er eðlilegt að sett verði það langtímamarkmið að fjarskiptaþjónusta í fastanetum verði veitt um ljósleiðara þegar upp er staðið, þrátt fyrir það að þjónusta um koparheimtaugar geti enn um sinn veitt fyllilega samkeppnihæfa þjónustu. Í þéttbýli bjóða markaðsaðilar hraðari tengingar, bæði með nýrri tækni á núverandi koparlögnum og um ljósleiðara þar sem hann er til staðar. Utan þéttbýlis er samkeppnin minni og óvíst um áhuga markaðsaðila um uppbyggingu, sérstaklega í strjálbýlinu. Þar þarf víða að ráðast í lagningu ljósleiðara á samfélagslegum grunni. Sé rétt að verki staðið þá er ekkert því til fyrirstöðu að fjarskiptafyrirtæki geti keppt í þjónustu sinni alls staðar á landinu á slíkum netum. Í fjarskiptaáætlun sem lögð var fyrir Alþingi haustið 2011 er sett fram það markmið að ná 100 Mb/s hraða á nær öllum heimilum landsins árið 2022. Uppbygging fjarskiptaneta verður þannig eitt helsta samstarfsverkefni ríkisvaldsins, sveitarfélaganna og fjarskiptafélaganna næsta áratuginn.

Fjöldi internettenginga eftir tegund 2006-2011



Skráð fjarskiptafyrirtæki í desember 2011

Nafn	Útgefið / skráð	Tegund starfsemi
Alterna Tel ehf.	8.1.2010	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
A.T.C. Avant Telecom Consulting AG	29.4.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Ábótinn ehf.	28.3.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Backbone ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Bloomberg Finance L.P.	19.7.2007	Leigulínuþjónusta og almennt fjarskiptanet
Brimrún ehf.	3.4.2008	Gagnaflutningsþjónustu um gervitungl
Colt Lux Group Holding S.a.r.l.	9.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Datacell ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Davið og Golíat ehf.	3.5.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DVD-Margmiðlun ehf.	6.2.2004	Rekstur breiðbandskerfis fyrir útvarpsdreifingu
Emarald Atlant.is Ltd.	29.6.2011	Sæstrengur og gagnaflutningsþjónusta
Emerald Network Computing Inc. Útibú	8.6.2011	Sæstrengur og gagnaflutningsþjónusta
Equant á Islandi ehf.	7.7.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Farice ehf.	2.9.2003	Sæstrengur
Fjarski ehf.	24.1.2001	Leigulínuþjónusta og almennt fjarskiptanet.
Fjarskipti ehf.	27.3.2007	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA
Fjölnet ehf.	26.10.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fónn ehf.	26.5.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Gagnaveitan ehf.	8.6.2011	Fjarskiptaþjónusta
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	23.3.2007	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Gagnaveita Skagafjarðar ehf.	30.11.2006	Gagnaflutningsþjónusta
GlobalCall ehf.	4.9.2008	Talsímaþjónusta
Gullskógar ehf.	5.2.2010	Talsímaþjónusta
Hátíðni hf.	24.1.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hringdu ehf.	9.11.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Hringiðan ehf./Vortex Inc.	3.12.1998	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
IceCell ehf.	28.6.2007	DCS 1800 farsímaþjónusta og VOIP þjónusta
iCell ehf.	25.8.2010	GSM, talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta o.fl.
IMC Ísland ehf.	27.6.2000	DCS 1800 farsímaþjónusta
Internet á Íslandi hf.	3.2.1998	Fjarskiptanet, talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
IP fjarskipti ehf. (TAL)	15.9.2004	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Irja ehf.	3.5.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Isavia ehf.	30.12.2010	Talþjónusta við flugvélar
Já upplýsingaveitur ehf.	21.11.2007	Útg. síma- og vistfangaskrár. Símauppl.þjónusta
Kapalkerfi ehf.	14.5.2004	Rekstur kapalkerfis
Kukl ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet

Nafn	Útgefið / skráð	Tegund starfsemi
Landhelgisgæsla Íslands	1.1.2011	Rekstur og útleiga NATO ljósleiðarastrengs
Ljós og gagnaleiðari ehf.	10.8.2009	Gagnaflutsningsnet
Magnavík ehf.	1.4.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Martölvan ehf.	26.11.2007	Talsíma, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Material ehf.	6.10.2008	Gagnaflutningsþjónusta
Míla ehf.	4.4.2007	Fjarskiptanet
Nepal hugbúnaður	21.2.2005	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
Netsamskipti ehf.	4.12.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Neyðarlínan hf.	6.10.1999	Talsímaþjónusta/neyðarsímsvörun
Nova ehf.	12.7.2006	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
NyX ehf.	5.11.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Nýherji hf.	12.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
OnAir S.A.R.L.	29.4.2008	Farsímaþjónusta um borð í flugvélum (MCA)
Opin kerfi ehf.	25.2.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Packet ehf.	11.2.2011	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Radíó ehf. - Íslensk fjarskipti	22.8.2006	Fjarskiptaþjónusta
Ríkisútvarpið ohf.	29.7.1997	Fjarskiptaþjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
Símafélagið ehf.	15.10.2008	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Síminn hf.	30.7.1998	Talsímaþjónusta, GSM, gagnaflutningsnet o.fl.
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.	8.10.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Skýrr hf.	17.4.2002	Gagnaflutningsþjónusta
Snerpa ehf.	17.8.2000	Fjarskiptanet/ tal- og gagnaflutningsþjónusta
Softverk ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Stykkishólmsbær	2.5.2002	Gagnaflutningsnet
Svar tækni ehf.	21.12.2007	Fjarskiptaþjónusta
TAS Tækniþjónusta ehf.	14.10.2010	Gagnaflutningsþjónusta
TELE Greenland A/S	24.6.2008	Sæstrengur
Tengir ehf.	20.9.2002	Ljósleiðaranet
TSC ehf.	18.1.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Tæknimiðlun ehf.	27.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands ehf.	29.3.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvun ehf.	25.4.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Tölvustoð ehf.	15.4.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Þekking - Tristan hf.	16.1.2004	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Örugga símafélagið ehf.	13.12.2010	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Öryggisfjarskipti ehf.	6.10.2008	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA

Hlutverk netöryggissveitar á þjóðarvísu – CERT-ÍS

- Stuðla að aukinni vitneskju okkar um öryggisatvik á internetinu
- Greina og meðhöndla öryggisatvik
- Veita upplýsingar um stöðuna á hverjum tíma og birta söguleg gögn
- Efla forvarnir gegn öryggisógnum á Netinu
- Leiða hvers konar undirbúning viðbragða og þjálfunar hérlendis, þar með talið sviðsettar æfingar innanlands og í samstarfi við önnur ríki og erlenda aðila
- Vera tengiliður Íslands í hinu alþjóðlega CERT samstarfi og við helstu aðila innanlands og utan um netógnir og annað sem tengist vernd ómissandi upplýsingainnviða

NET- OG UPPLÝSINGAÖRYGGI

Net- og upplýsingaöryggi er eitt af megin viðfangsefnum PFS. Stofnunin stuðlar að bættri vitund almennings um net- og upplýsingaöryggi m.a. með því að halda úti leiðbeiningavefnum **www.netöryggi.is** þar sem er að finna hagnýtar upplýsingar fyrir almenning og lítil og meðalstór fyrirtæki um hvernig hægt er að stuðla að eigin öryggi á Netinu. Einnig er stofnunin í samstarfi við aðra sem vinna að net- og upplýsingaöryggi svo sem SAFT verkefnið hjá Heimili og skóla og Barnaheill. Hjálparvefurinn **www.netsvar.is** er samstarfsverkefni þessara þriggja aðila. Þar er hægt að finna, eða senda inn, spurningar varðandi örugga netnotkun og fá svör við þeim, ekki síst hvað varðar börn og unglinga.

Eitt mikilvægasta hlutverk PFS felst í að stuðla að rekstraröryggi fjarskiptaneta, þ.m.t. tenginga til útlanda. Að öryggiskröfur séu skilgreindar og virkt eftirlit haft með því að aðgengi að fjarskiptum sé ávallt a.m.k. jafn gott og skilgreindar lágmarkskröfur. Þessu sinnir stofnunin m.a. með árlegri könnun á gæðum netþjónustu sem veitt er hér á landi. Í desember 2011 voru könnuð gæði netþjónustu í þéttbýli, þ.e. í byggðakjörnum með 2000 íbúa eða fleiri. Ári áður gerði stofnunin slíka könnun meðal netþjónustuaðila í dreifbýli.

Á komandi misserum er einnig ljóst að gæði internetþjónustu sem almenningi stendur til boða verða skilgreind nánar en nú er gert. Þar verður m.a. fjallað um hvað felst í tilteknum hraða og hvernig fjarskiptafélögum verður heimilt að auglýsa vöru sína hvað gæði varðar.

CERT-ÍS: Netöryggissveit á þjóðarvísu – eflt öryggi fjarskiptaneta

Fjarskiptanet, internetið og mörg almenn upplýsingakerfi sem tengjast um þau eru þjóðfélagslega mikilvægir innviðir og nauðsynlegt er að tryggja virkni og öryggi þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun hefur unnið að því með markaðsaðilum að efla öryggi fjarskiptaneta og skilgreina nánar hvaða kröfur gerðar eru til rekstraröryggis. Sífellt meiri ógn stafar að fjarskipta- og upplýsingakerfum frá tölvuþrjótum og glæpamönnum. Á árinu 2011 var unnið að því að setja á laggirnar netöryggissveit innan PFS sem hefur það hlutverk að bregðast við netárásum og óværu í netkerfum mikilvægra upplýsingainnviða. Um er að ræða svokallaðan CERT hóp (e. Computer Emergency Response Team). Í frumvarpi til breytinga á fjarskiptalögum sem innanríkisráðherra lagði fram á Alþingi haustið 2011 var skilgreint hvert umboð og starfssvið sveitarinnar verður.

www.reiknivél.is

Reiknivél PFS

Verðsamanburður á þjónustuleiðum fyrir:

- **Heimasíma**
- **Farsíma**
- **Nettengingar**

ADSL, ljósleiðarar og VDSL. Miðað við gagnamagn frá 1 GB upp í 150 GB. Einungis gagnamagn sem sótt er erlendis frá er mælt, enda er ekki greitt fyrir innlent niðurhal eða það sem sent er í fastlínuáskriftum

- **3G Netlyklar**

Miðað við gagnamagn frá 1 GB upp í 30 GB. Reiknað með öllu notuðu gagnamagni, innlendu og erlendu, sóttu og sendu. Áskriftarleiðir eru fyrir USB netlykla, spjaldtölvur og annan svipaðan búnað

- **3G Netið í símann**

Reiknivélin miðast við gagnamagn frá 100 MB upp í 6000 MB. Þjónustuleiðir og áskriftir fyrir gagnamagn í símtæki miða við mun minni notkun en þegar um er að ræða sérstök tæki sem tengjast 3G, svo sem spjaldtölvur

NEYTENDAMÁL

Neytendavernd og upplýsingagjöf til neytenda er eitt mikilvægasta hlutverk PFS. Stofnunin heldur úti aðgengilegri reiknivél um fjarskiptakostnað á Netinu, **www.reiknivel.is**. Í nóvember 2011 voru gerðar miklar endurbætur á reiknivélinni og virkni hennar aukin til samræmis við þróun fjarskiptanotkunar almennings. Að breytingunum loknum var gert kynningarátak um vefinn og sýndu mælingar á notkun hans góðan árangur átaksins.



Stofnunin leggur einnig áherslu á aðgengilegar og vandaðar upplýsingar fyrir neytendur á vef sínum, **www.pfs.is.**

Árlega berst fjöldi fyrirspurna og kvartana til stofnunarinnar frá neytendum. Í mörgum tilfellum er hægt að leysa úr málum með samtölum en sum mál eru þess eðlis að þau fara í formlegt ferli. Á árinu 2011 voru 130 kvörtunarmál frá neytendum tekin til formlegrar meðferðar hjá stofnuninni. Algengustu kvartanirnar tengdust númera- og þjónustuflutningi, viðskiptaskilmálum, rétthafabreytingum og reikningagerð. Varðandi reikninga ber þess að geta að þann 1. júlí 2011 tók gildi ný reglugerð þar sem skilgreint er mun nákvæmar en áður hvaða upplýsingar skulu koma fram á reikningum fjarskiptafyrirtækja til viðskiptavina sinna.

PFS leggur áherslu á samstarf við þá aðila sem sinna neytendamálum í landinu. Á árinu var til dæmis tekin saman hjá stofnuninni skýrsla þar sem greind voru þau umkvörtunarefni vegna fjarskiptamála sem komu inn á borð Neytendasamtakanna á árinu á undan. Í ársskýrslu Leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu samtakanna fyrir árið 2010 sem út kom í janúar 2011 kom fram að fyrirspurnir til hennar vegna fjarskiptamála voru í 4. sæti hvað varðaði fjölda erinda. Í framhaldi af útgáfu skýrslunnar setti PFS sig í samband við Neytendasamtökin og óskaði eftir sundurgreiningu á eðli þeirra kvartana sem höfðu borist samtökunum vegna fjarskiptamála árið 2010. Var því erindi vel tekið og fékk stofnunin sendan lista yfir helstu tegundir kvartana til greiningar. Í greiningunni var kvörtunarefnum skipt í þrjá efnisflokka, þ.e. kvartanir vegna reikninga, kvartanir sem snúa að markaðssetningu og kvartanir vegna þjónustu og aðgengis að upplýsingum. Skoðaðir voru ýmsir undirliggjandi þættir, s.s. hvort um væri að ræða brot á fjarskiptalögum, skort á vernd í lögum, skort á upplýsingum o.s.frv. Greiningarskýrsluna er að finna á vef PFS undir *Fróðleikur/Kannanir og skýrslur.*

Ný reglugerð um upplýsingar á reikningum fyrir fjarskiptaþjónustu

Þann 1. júlí 2011 tók gildi ný reglugerð um reikningagerð fyrir fjarskiptaþjónustu, nr. 526/2011. Reglugerðin tekur til reikningagerðar fjarskiptafyrirtækja fyrir talsíma-, farsíma- og netþjónustu. Hún nær ekki til reikningagerðar fyrir virðisaukandi þjónustu (aukakostnaður s.s. vegna símakosningar eða leikjanotkunar) eða aðra þjónustuþætti sem kann að vera gjaldfært fyrir samhliða reikningi fyrir fyrrnefnda þjónustuflokka.

Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að neytendavernd með aukinni upplýsingagjöf um hvað liggur að baki gjaldtöku og auðvelda neytendum að fylgjast með fjarskiptanotkun sinni. Um leið aukast möguleikar neytenda á að taka upplýstar ákvarðanir um val á þjónustu og njóta þeirra hagsbóta sem samkeppni á þessum markaði veitir.

Almennir reikningar til áskrifenda fyrir fjarskiptaþjónustu skulu sýna:

- Reikningstímabil
- Þjónustuveitanda
- Heiti þjónustu
- Aðferð og einingar gjaldtökumælingar
- Fast mánaðargjald
- Seðilgjald
- Önnur þjónustu- og umsýslugjöld
- Aukaleg mánaðagjöld, t.a.m. vegna leigu búnaðar, læsinga, númerabirtinga og annarrar sérþjónustu.
- Öll eingreiðslugjöld, s.s. vegna tengikostnaðar, stofngjalda, uppsagna eða annarra breytinga á þjónustu
- Sundurgreindan heildarkostnað eftir tegund notkunar, þ.m.t. símtal í talsíma, farsíma, símtöl til útlanda, internetsímtöl og símtöl í númer með yfirgjaldi, SMS og MMS
- Sundurliðuð notkunargjöld skv. 6. gr. og 7. gr. reglugerðarinnar (sjá hér fyrir neðan)
- Upphæð afsláttar skv. viðkomandi þjónustuleið
- Virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld
- Heildarfjárhæð reiknings með virðisaukaskatti.

Reikningur fyrir hefðbundna tal- og farsímanotkun á að sýna:

- fjölda símtala í talsíma og farsíma
- upphafsgjöld
- raunlengd og gjaldfærða lengd
- gjaldfærða upphæð símtala
- símtöl til útlanda
- upplýsingar um fjölda texta- og myndskilaboða (SMS/MMS) eða aðrar gerðir gagnaskilaboða sundurliðuð eftir gerð.

Reikningur fyrir netþjónustu á að sýna:

- raunmagn þeirra mælieininga, gagna eða tíma, sem notaðar voru á gjaldtímabilinu
- magn innifalið í áskrift
- magn og upphæð vegna gjaldfærðrar umframnotkunar.

Reiki í Evrópu – áframhaldandi lækkuð verðþök til 1. júlí 2012

Frá árinu 2008 hafa Íslendingar með EES samningnum innleitt reglur ESB þar sem sífellt lækkandi verðþök hafa verið sett á farsímareiki milli landa í í Evrópu. Markmið reglnanna er að tryggja að notendur almennra farsímaneta á ferðalagi innan EES-svæðisins greiði ekki óhóflegt verð fyrir reikiþjónustu þegar þeir nota farsíma eða 3G nettengil á milli landa innan EES svæðisins. Þá er leitast við að efla neytendavernd og val neytenda um leið og hvatt er til samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta í löndunum innan EES.

Þann 1. júlí 2011 voru verðþökin lækkuð enn. Lönd sem nota ekki evrur sem gjaldmiðil skulu skv. reglunum miða við gengi evru þann 1. júní 2011 og gildir það verð í 1 ár eða þar til gildistíma reglnanna lýkur. Verðþak er því fest í íslenskum krónum miðað við miðgengi evru hjá Seðlabanka Íslands, 1. júní 2011, kr. 165,10 og gildir það út júní 2012.

Þess er vænst að þróunin haldi áfram og nýjar reglur um verðþök á reiki innan Evrópu taki gildi í framhaldinu.

Reglurnar setja verðþak á smásöluverð reikisímtala í evrusentum, án virðisaukaskatts. Farsímafyrirtækjum er því óheimilt að innheimta hærri gjöld af viðskiptavinum sínum fyrir reikisímtöl sem hringd eru innan evrópska efnahagssvæðisins. Farsímafyrirtæki hvers lands bæta virðisaukaskatti á þessi verðþök samkvæmt lögum viðkomandi lands.

Verðþök á reiki innan Evrópu, 1. júlí 2011 – 1. júlí 2012:

- Hringd símtöl innan gistilands eða til annarra landa innan EES: 35 evrusent, eða 72,52 kr. með virðisaukaskatti.
- Móttekin símtöl: 11 evrusent/mín. eða 22.79 kr. með virðisaukaskatti
- Senda SMS: 11 evrusent eða 22,79 kr.
- Móttekin SMS: Gjaldfrjáls
- Gagnamagn í reiki: Ekki er sett ákveðin verðskrá en miðað við 50 evru hámark á mánuði. Fyrirtæki skulu senda viðskiptavini SMS þegar 80% af hámarkskostnaði er náð og aftur þegar lokað er fyrir gagnanotkun vegna þess að hámarki er náð. Ef viðskiptavinur vill halda áfram að nota þjónustuna og auka þar með kostnað sinn verður hann að staðfesta samþykki sitt.

Verð á fjarskiptaþjónustu – samanburður OECD

Markmið PFS er er að verð á fjarskiptaþjónustu fyrir íslenska neytendur sé ætíð eins og best gerist meðal nágrannaþjóða okkar. Staða þessa markmiðs er m.a. mæld með því að bera verð fjarskiptaþjónustu á Íslandi saman við verð í OECD löndum. Ef gögn um viðkomandi þætti eru ekki tiltæk fyrir OECD lönd þá er markmiðið að Ísland hafi forskot á a.m.k tvö af fimm Norðurlöndum.

Samanburðurinn er gerður af rannsóknar-fyrirtækinu Teligen. Í töflunni hér fyrir neðan sést hvar í hóp Ísland lenti árin 2003 – 2011 miðað við verð á mismunandi þáttum fjarskiptaþjónustu þegar hinum 34 aðildarþjóðum OECD er skipt í fjóra hópa. Hópur 1 er með ódýrustu þjónustuna en hópur 4 með þá dýrustu.

Verðsamanburður og sæti Íslands innan OECD árin 2003 til 2011

	Sæti innan OECD								
Þjónusta /Ár	**2011**	**2010**	**2009**	**2008**	**2007**	**2006**	**2005**	**2004**	**2003**
Breiðband	3	3	4	4	4				
Heimilissími	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Fyrirtækjasími	1	1	1	1	1	1	1	1	1
GSM - eftirágreitt	2	1	2	1	2	2	2	1	1
GSM – fyrirfram	1	1	1	2	2	2	1	1	1

Heimild: Teligen, kostnaður uppfærður miðað við kaupmáttarjafnvægi (PPP) og gengi í nóvember fyrir hvert ár

Staðan 2011 er mjög svipuð og árið 2010 nema hvað varðar í eftirágreidda GSM þjónustu þar sem Ísland fer niður í hóp 2. Það skýrist af lækkandi verði erlendis og kaupmáttarýrnun hér á landi.

Hvort Ísland hefur náð markmiðum sínum varðandi verð á fjarskiptaþjónustu á árunum 2005 – 2011 má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Var Ísland í hópi landa með ódýrustu þjónustuna 2005 – 2011?

Forskot	Ár	Fastanet talsíma	Farsímanet		Háhraða-tengingar
			Áskriftir	Kort	
Verð	2011	Já	Nei	Já	Nei
Verð	2010	Já	Já	Já	Nei
Verð	2009	Já	Nei	Já	Nei
Verð	2008	Já	Já	Nei	Nei
Verð	2007	Já	Nei	Nei	Nei
Verð	2006	Já	Nei	Nei	Nei
Verð	2005	Já	Nei	Já	Nei

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun

Ljóst er að markmið um verð fjarskiptaþjónustu á Íslandi á árinu 2011 náðust varðandi farsímaþjónustu fyrir fyrirframgreidd kort og talsíma í fastaneti. Þau náðust hins vegar ekki fyrir eftirágreidda farsímaþjónustu og háhraðateningar. Hvað varðar eftirágreidda farsímaþjónustu þá skýrist það af lækkandi verði erlendis og að kaupmáttur hefur rýrnað hér á landi. Athygli vekur hve háhraðatengingar eru hlutfallslega dýrar á Íslandi.

Verðskrá Símans, Vodafone, Tal, Nova og Alterna í desember 2011

	Síminn	Vodafone	Tal	Nova	Alterna
Farsími					
Mánaðargjald	760 kr.	500 kr.	990 kr.	590 kr.	490 kr.
Lágmarksnotkun	-	-	-	-	-
Upphafsgjald	7,90 kr.	6,80 kr.	6,80 kr.	6,50 kr.	10,00 kr.
Farsími innan kerfis	16,90 kr.	15,50 kr.	15,50 kr.	9,90 kr.	0,00 kr.
Farsími milli kerfa	16,90 kr.	15,50 kr.	15,50 kr.	9,90 kr.	10,00 kr.
Heimasími	16,90 kr.	15,50 kr.	15,50 kr.	9,90 kr.	10,00 kr.
SMS textaskilaboð	12,90 kr.	12,00 kr.	11,00 kr.	11,90 kr.	10,00 kr.
MMS myndskilaboð	12,90 kr.	12,00 kr.	12,00 kr.	11,90 kr.	-
Frelsi					
Upphafsgjald	7,90 kr.	6,80 kr.	6,80 kr.	6,90 kr.	10,00 kr.
Farsími innan kerfis	13,90 kr.	16,00 kr.	15,50 kr.	9,90 kr.	0,00 kr.
Farsími milli kerfa	25,00 kr.	16,00 kr.	15,50 kr.	9,90 kr.	10,00 kr.
Heimasími	25,00 kr.	16,00 kr.	15,50 kr.	9,90 kr.	10,00 kr.
SMS textaskilaboð	12,90 kr.	12,30 kr.	11,00 kr.	11,90 kr.	10,00 kr.
MMS myndskilaboð	12,90 kr.	12,30 kr.	12,00 kr.	11,90 kr.	-
Heimasími					
Mánaðargjald	1.890 kr.	1.750 kr.	2.165 kr.	-	-
Upphafsgjald	8,90 kr.	6,80 kr.	6,80 kr.	-	-
Heimasími innan kerfis	3,90 kr.	2,00 kr.	0,00 kr.	-	-
Heimasími milli kerfa	3,90 kr.	2,00 kr.	0,00 kr.	-	-
Farsími innan kerfis	17,90 kr.	26,00 kr.	26,00 kr.	-	-
Farsími milli kerfa	17,90 kr.	26,00 kr.	26.00 kr.	-	-


Verðin eru skv. upplýsingum á vefsíðum fyrirtækjanna í desember 2011.
ATH: Eingöngu er um verðskrá að ræða og ekki tekin með ýmis hlunnindi sem felast geta í mismunandi áskriftarpökkum fyrirtækjanna. Til samanburðar eru valdar þær áskriftir fyrirtækjanna sem eru með sem lægst mánaðargjald og sem fæst skilyrði, frávik eða innifalin fríðindi.

PÓSTMARKAÐURINN

Starfsumhverfi póstþjónustunnar á Íslandi hefur verið til endurskoðunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun undanfarin misseri. Póstur er borinn út til nær allra landsmanna 5 daga vikunnar og þjónustunet Íslandspósts nær til landsins alls. Með minnkandi póstmagni er æ erfiðara að veita þjónustu af miklum gæðum á viðráðanlegu verði. Markmið stofnunarinnar er að bregðast við þeim miklu breytingum sem minnkandi póstmagn veldur, þannig að allir landsmenn njóti áfram hagkvæmrar og góðrar póstþjónustu. Stofnunin hefur afgreitt beiðni Íslandspósts um einföldun dreifingar og til umfjöllunar eru viðamiklar breytingar á fyrirkomulagi gjaldskrár og afsláttarflokkum. Einnig er unnið að endurskoðun kostnaðargrunns Íslandspósts. Á komandi misserum þarf að taka afstöðu til þess með hvaða hætti fyrirkomulagi alþjónustu verður háttað og hvort og/eða hvernig einkaréttur verður afnuminn.

Fækkun bréfasendinga innan einkaréttar (0 – 50 g.) árin 2005 – 2011 og áætluð fækkun árið 2012

Mikil fækkun hefur orðið á fjölda bréfasendinga á síðustu árum. Á súluritinu hér fyrir neðan sést sú fækkun sem hefur orðið á síðustu sjö árum, úr tæplega 52 milljónum bréfa árið 2005 í rúmar 35 milljónir árið 2011. Gert er ráð fyrir að fækkunin haldi enn áfram og að bréfasendingar innan einkaréttar verði komnar niður í 32,5 milljónir bréfa á árinu 2012, þ.e. að fækkun milli áranna 2011 og 2012 verði 7,5%.



Heimild: Íslandspóstur
ATH: 2012 er áætlun

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Póst- og fjarskiptastofnun tekur virkan þátt í samstarfi við ýmsar alþjóðastofnanir og norrænar og evrópskar systurstofnanir. Undir þessi erlendu samskipti fellur m.a. að svara alþjóðlegum fyrirspurnum, þátttaka í tölfræðiúttektum og samvinna varðandi netöryggi. Hluti af þessu starfi er vinna við skýrslur um einstök mál og minnisblöð um erlend álitamál. Þá tengjast störf PFS samskiptum við samgönguráðuneytið og utanríkisráðuneytið, t.d. vegna fullgildinga á alþjóðasamningum. Á árinu vann stofnunin mikið af upplýsingum fyrir skýrslu sem Evrópusambandið lét gera um stöðu fjarskipta og upplýsingatækni í þeim löndum sem teljast taka þátt í stækkunarferli sambandsins. *Sjá nánar á bls. 6.*

Póst-og fjarskiptastofnun tók virkan þátt í störfum BEREC (Body of European Regulators for Electronic Communications) á árinu 2011 og átti forstóri PFS sæti í stjórnunarnefnd samtakanna, BoR (Board of Regulators). Meðal þeirra verkefna sem helst voru í brennidepli samtakanna á árinu má nefna alþjóðlegt farsímareiki, greiningu ljúkningargjalda, útbreiðslu og uppbyggingu breiðbandsneta í Evrópu, næsta kynslóð fjarskiptakerfa og hlutleysi almennra fjarskiptaneta (e. net neutrality). Þátttaka í BEREC kallar á talsverða vinnu við gagnaöflun og umfjöllun um stöðu fjarskiptafyrirtækja á mörkuðum sem aftur leiðir til samræmds reglugerðaumhverfis á fjarskiptamarkaði.

Helstu alþjóðastofnanir sem PFS er aðili að fyrir Íslands hönd:

- **ITU** – International Telecommunications Union
- **UPU** – Universal Postal Union
- **Eutelsat** – The European Telecommunications Satellite Organisation
- **IMSO** – International Mobile Satellite Organisation
- **ITSO** – International Telecom Satellite Organisation
- **ETSI** – European Telecommunication Standard Organisaton
- **CEPT** – European Conference of Postal and Telecommunications Administrations
- **BEREC** – Body of European Regulators for Electronic Communications
- **ENISA** – European Network and Information Security Agency

Ákvarðanir PFS og úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála á árinu 2011

Ákvarðanir PFS

- **Synjun Símans á númeraflutningsbeiðni Vodafone**

Ákvörðun nr. 1/2011

PFS barst kvörtun frá Og fjarskiptum ehf. (Vodafone) vegna synjunar Símans hf. á númeraflutningsbeiðni fyrirtækisins. Um var að ræða þrjú símanúmer sem byrja á 425 – XXXX og hafði Síminn hafnað flutningsbeiðni Vodafone á þeim forsendum að um innvalsnúmeraröð væri að ræða og því ekki skylt að verða við beiðninni. PFS komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að umrædd símanúmer uppfylltu ekki skilyrði reglna nr. 617/2010 um númera- og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum til að teljast innvalsnúmeraröð. Símanum hf. hefði því verið óheimilt að hafna númeraflutningsbeiðni Vodafone.

- **Viðmiðunartilboð Mílu fyrir leigulínur (markaðir 13 og 14)**

Ákvörðun nr. 2/2011

PFS samþykkti að viðmiðunartilboð Mílu ehf. fyrir leigulínur, frá 5. nóvember 2009, tæki gildi frá og með 1. mars 2011, með breytingum sem mælt var fyrir um í viðauka við ákvörðunina.

- **Breytingar á viðmiðunartilboðum Símans á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð á leigulínum (markaður 7), á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 13) og á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14)**

Ákvörðun nr. 3/2011

PFS samþykkti að þjónustusamningur Símans hf. um leigulínur í smásölu, viðmiðunartilboð Símans, um IP/ATM stofnlínur, dags. 21. ágúst 2009 og viðmiðunartilboð Símans um lúkningarhluta leigulína, dags. 21. ágúst 2009 tækju gildi frá og með 1. mars 2011, með breytingum sem mælt var fyrir um í viðauka við ákvörðunina.

- **Endurákvörðun rekstrargjalds RÚV vegna rekstraráranna 2008 og 2009**

Ákvörðun nr. 4/2011

Málið varðaði ágreining um það hvort rekstrartekjur RÚV ohf. af aðstöðuleigu (hýsingu) í tengslum við útvarpsdreifikerfi fyrirtækisins sem notað er til sjónvarps- og hljóðvarpsútsendinga tilheyrði fjarskiptastarfsemi þess í skilningi fjarskiptalaga nr. 81/2003 og myndaði þannig stofn til rekstrargjalds í samræmi við ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. PFS komst að þeirri niðurstöðu að svo væri og ákvarðaði rekstrargjald RÚV að nýju með stoð í 10. mgr. 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun fyrir rekstrarárin 2008 og 2009.

- **Óumbeðin fjarskipti**

Ákvörðun nr. 5/2011

Kvartað var til PFS vegna tölvupósts í markaðslegum tilgangi sem kvartandi hafði fengið sendan á netfang sem honum hafði verið úthlutað í gegnum starf sitt. Stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að kvartandi gæti ekki talist aðili að málinu fyrir stofnuninni þar sem ákvæði 1. mgr. 46. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti veitir aðeins áskrifanda tölvupóstþjónustu vernd fyrir óumbeðnum tölvupóstsendingum, en ekki notendum slíkrar þjónustu. Þar sem vinnuveitandi kvartanda var áskrifandi tölvupóstþjónustunnar hefði hann þurft að leggja fram kvörtun til PFS vegna hinna óumbeðnu fjarskiptasendinga.

- **Dagsektir á Alterna**

Ákvörðun nr. 6/2011

Ákvörðunin, tekin þann 14. mars 2011, fjallar um að 29. mars 2011 yrðu lagðar dagsektir á Alterna Tel ehf., að upphæð kr. 100.000 fyrir hvern dag sem liði án þess að fyrirtækið yrði við kröfum Póst- og fjarskiptastofnunar í þremur liðum um að afhenda stofnuninni skjalfesta lýsingu á stjórnkerfi upplýsingaöryggis fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta og birta gjaldskrá fyrir reikiþjónustu fyrirtækisins á aðgengilegan hátt skv. ,lögum og reglum sem um þessi atriði gilda. Einnig skyldi fyrirtækið greiða dagsektir þar til það hefði uppfylla ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan EES-svæðisins.

- **Endurákvörðun rekstrargjalds Símans vegna rekstrarársins 2009**

Ákvörðun nr. 7/2011

Rekstrargjald Símans hf. fyrir rekstrarárið 2009, skv. álagningu í maí 2010 var ákvarðað að nýju með stoð í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Í tengslum við ofangreinda álagningu rekstrargjalds taldi Síminn ekki fram tekjur félagsins af meintri fjarskiptastarfsemi utan Íslands þar sem ágreiningur væri á milli félagsins og PFS um hvort slíkar tekjur heyrðu undir rekstrargjaldsstofn. Um var að ræða tekjur Símans af reikiþjónustu erlendis og umferð til Íslands, On-Waves þjónustu og SMS heildsölu. Með ákvörðun sinni nr. 28/2010 komst PFS að þeirri niðurstöðu að umræddar tekjur heyrðu undir stofn til rekstrargjalds. Síminn kærði þá niðurstöðu til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Nefndin staðfesti ofangreinda ákvörðun PFS í framhaldi af því ákvarðaði PFS því rekstrargjald Símans að nýju fyrir rekstrarárið 2009 með tilliti til ofangreindra tekna.

- **Lokun á aðgangi að tilteknum heimasíðum**

Ákvörðun nr. 8/2011

Forsaga málsins var sú að Ríkislögreglustjóri, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Barnaverndarstofa, Samtökin Barnaheill, Heimili og

skóli, SAFT, Lýðheilsustöð, Umboðsmaður barna og Stígamót skoruðu á fjarskiptafyrirtækin að loka fyrir aðgang að vefsíðunni www.slembingur.org þar sem hún innihéldi ólöglegt efni. Urðu fjarskiptafyrirtækin við þessari beiðni. Bárust PFS þrjár kvartanir vegna þessa. Í ákvörðuninni sinni kemst PFS að þeirri niðurstöðu að stofnunin sé ekki til þess bær að skera úr um það hvort umræddar lokanir, hafi farið í bága við lög og stjórnarskrárvarin réttindi um tjáningarfrelsi. Þessi niðurstaða er í samræmi við 5. mgr. 1. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti þar sem segir að fjarskiptalög gildi ekki um innihald efnis sem sent er eða móttekið á fjarskiptanetum.
Á hinn bóginn hafi fjarskiptalögin að geyma tilteknar öryggis- og gæðakröfur t.d. hvað varðar umferðarstýringar fjarskipta. Í samræmi við lögin voru árið 2007 settar reglur nr. 1223/2007 um vernd, virkni og gæði IP-fjarskiptaþjónustu. Þar er gerður sá fyrirvari að réttur til aðgangs að efni á almennum fjarskiptanetum feli í sér notkun á löglegri þjónustu. Mat á því hvað telst löglegt efni er hins vegar ekki í höndum PFS.
Ákvæði fjarskiptalaga og reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra standi því ekki í vegi fyrir því að lokað sé fyrir efni á almennum fjarskiptanetum eða aðgangur takmarkaður, enda séu skilyrði fyrir takmörkun tjáningarfrelsis uppfyllt, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar og ákvæðum um upplýsinga- og tilkynningaskyldu í reglum nr. 1223/2007.

- **Réttur til að tengja talsíma**

Ákvörðun nr. 9/2011
PFS barst erindi frá eigendum jarðarinnar Sæból að Hvallátrum, 451 Patreksfirði, þess efnis að stofnunin hlutaðist til um að Míla tengdi talsíma í húsið Sæból sem væri skráð lögbýli. Niðurstaða stofnunarinnar var sú að umsækjandi uppfyllti ekki skilyrði reglugerðar um alþjónustu á sviði fjarskipta um að eiga skráð lögheimili að Sæbóli, Hvallátrum. Mílu væri því ekki skylt, að svo stöddu, að verða við beiðni um aðgang að almenna talsímanetinu um nettengipunkt.

- **Lokun póstafgreiðslu**

Ákvörðun nr. 10/2011
PFS samþykkti beiðni Íslandspósts um heimild til lokunar póstafgreiðslu á Raufarhöfn

- **Lokun póstafgreiðslu**

Ákvörðun nr. 11/2011
PFS samþykkti beiðni Íslandspósts um heimild til lokunar póstafgreiðslu á Hofsósi

- **Óviðkomandi aðgangur að beini (e. router)**

Ákvörðun nr. 12/2011
PFS barst kvörtun tveggja fyrirtækja,[A] og [B] sem staðsett eru í sama húsi og í eigu sama eiganda yfir því að Síminn hefði tengt númer beggja fyrirtækjanna inn á sama beini.
Síminn tengdi [B] við beini sem fyrir var í húsnæðinu og tilheyrði [A], vegna misskilnings á milli notanda og Símans. Benti PFS á að þrátt fyrir að fyrirtæki séu tengd inn á sama beini á það ekki sjálfkrafa að verða til þess að allir sem tengjast inn á beininn, t.d. gestir [A], hafi aðgang að öllum gögnum [B]. Þegar um er að ræða svo miklar trúnaðarupplýsingar, eins og [B] hafði undir höndum, verður að ætla að ábyrgðarmaður þeirra grípi til viðeigandi aðgangsstýringa til að koma í veg fyrir óviðkomandi aðgang að þeim. Að mati PFS getur Síminn ekki borið á því ábyrgð að starfsmenn og viðskiptavinir [A] og hugsanlega einhverjir aðrir hafi fengið aðgang að bókhaldsgögnum [B]. Fyrir slíkri ábyrgð væru ekki fyrir hendi fullnægjandi orsakatengsl.
Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að þó svo að ríkar skyldur séu lagðar á fjarskiptafyrirtæki að uppfylla skyldur um vernd viðskipta-mannatenginga eru þær ekki skilyrðislausar og verður ábyrgð á endabúnaði einnig að hvíla á notanda þess, m.a. um hverjir séu tengdir honum. Ómögulegt er fyrir fjarskiptafyrirtæki að fylgjast með endabúnaði viðskiptavina sinna og hvaða tölvur tengjast honum hverju sinni. Sú aðgerð Símans að tengja númer tveggja fyrirtækja í eigu sama aðila inn á sama beini var því ekki talin fela í sér, eins og þarna háttaði til, brot á fjarskiptalögum eða reglum settum á grundvelli þeirra.

- **Framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu til Neyðarlínunnar**

Ákvörðun nr. 13/2011
PFS samþykkti umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2011 að fjárhæð kr. 41.888.160. Um er að ræða framlag vegna talsímaþjónustu á sviði neyðarþjónustu og neyðarsímsvörunar sem Neyðarlínunni hefur verið gert skylt að veita.

- **Kostnaðargreining á verðskrá Mílu ehf. fyrir leigulínur (markaðir 13 og 14).**

Ákvörðun nr. 14/2011
Póst- og fjarskiptastofnun samþykkti endurskoðaða kostnaðargreiningu Mílu ehf. á stofnlínuhluta leigulína, frá 19. janúar 2011, með breytingum sem mælt var fyrir um í ákvörðuninni um mánaðarleg leiguverð og afsláttarkjör sem tiltekin eru í viðauka.
Ný verðskrá Mílu skyldi taka gildi þann 1. ágúst 2011 og verða hluti af viðmiðunartilboði Mílu ehf. fyrir leigulínur.

- **Kostnaðargreining á heildsöluverðum Símans hf. fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstu almennu talsímaneti (Markaðir 8-10)**

Ákvörðun nr. 15/2011
PFS samþykkti endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans hf. á heildsölumörkuðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstum almennum talsímanetum, með breytingum sem mælt var fyrir um í ákvörðuninni.
Samkvæmt kostnaðargreiningu Símans voru upphafs- og lúkningarverð hækkuð um rúmlega 46% og umflutningsgjöld lækkuð um rúmlega 14%. Miðað var við mínútuverð m.v. þriggja mínútna símtal. Vodafone var gert heimilt að hækka lúkningarverði sín í samræmi við heimild Símans. Í ákvörðuninni var kveðið á um að afnema skyldi skiptingu mínútuverða í dagtaxta annars vegar og kvöld-, nætur- og helgartaxta (KNH) hins vegar. Þess í stað kæmi eitt mínútuverð.

- **Viðskiptaskilmálar Íslandspósts vegna breytinga á dreifikerfi fyrirtækisins**

Ákvörðun nr. 16/2011

Með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 10/2010, dags. 13. apríl 2011 ógilti nefndin ákvörðun PFS nr. 36/2010, um breytingar á skilmálum Íslandspósts vegna dreifingar á pósti frá stórnotendum. Rök úrskurðarnefndar voru m.a. að á meðan ekki lægi fyrir hvort og þá hvaða kostnaðarlegt hagræði hlytist af hinum nýju skilmálum væri ekki séð að rök stæðu til þess að heimila umræddа skilmálabreytingu. PFS barst nýtt erindi frá Íslandspósti þann 3. maí þar sem rakið var kostnaðarlegt hagræði af innleiðingu hins nýja dreifikerfis og viðeigandi gögn lögð fram því til stuðnings. PFS fór yfir þau gögn og það hagræði sem Íslandspóstur taldi felast í hinu nýja dreifikerfi. Í ákvörðun sinni samþykkti PFS hins vegar breytingar á þeim skilmálum sem Íslandspóstur hafði birt m.a. á þann veg að 85% af pósti frá frá svokölluðum stórnotendum skyldi borinn út á 2 og 3 degi eftir móttökudegi.

- **Hækkun á gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar**

Ákvörðun nr. 17/2011

PFS samþykkti erindi Íslandspósts um heimild til hækkunar á gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar um 27%, vegna magnminnkunar, aukinna afslátta og þess að kostnaður hafi ekki lækkað til samræmis við lækkandi tekjur fyrirtækisins.

- **Framlenging á MMDS tíðniheimild Fjarskipta ehf. (Vodafone)**

Ákvörðun nr. 18/2011

Fjarskipti ehf. (Vodafone) óskaði eftir því að tíðniheimildir félagsins á 2.6 GHz tíðnisviðinu vegna stafræns sjónvarps sem rynnu út 27.6.2011, yrðu framlengdar þannig að þær tíðniheimildir sem gilda annarsvegar á SV-horni (Suðurnes til Akraness) og hins vegar á Suðurlandi austur að Kirkjubæjarklaustri yrðu framlengdar um 9 ár, eða fram til ársins 2020.
PFS ákvað að framlengja tíðniheimildirnar til þriggja ára með möguleika á frekari framlengingu, þegar fyrir lægju niðurstöður samráðs um tíðnistefnu stofnunarinnar þar sem m.a yrði könnuð eftirspurn eftir 2.6 GHz tíðnisviðinu. Helgaðist þessi niðurstaða af því að umrætt tíðnisvið hefur verið skilgreint til nota sem framtíðar tíðnisvið fyrir fjórðu kynslóða farnetsþjónustu með samræmingarákvörðun ESB nr. 2008/477/EB. Taldi PFS ákvörðunina taka mið af hagsmunum og réttindum allra fjarskiptarekenda á íslenskum fjarskiptamarkaði með tilliti til framþróunar á markaði neytendum til hagsbóta.

- **Viðmiðunartilboð og kostnaðargreiningu Símans á mörkuðum 1 og 2**

Ákvörðun nr. 19/2011

PFS samþykkti viðmiðunartilboð og kostnaðargreiningu Símans á mörkuðum 1 og 2 með tilteknum breytingum.

- **Óumbeðin fjarskipti**

Ákvörðun nr. 20/2011

Í framhaldi af kæru þar að lútandi komst PFS að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið Róm ehf. hafi brotið gegn lögum um fjarskipti með því að senda tölvupóst til kvartanda í tengslum við beina markaðssetningu fyrirtækisins.

- **Kostnaðargreining á mörkuðum 1 og 2**

Ákvörðun nr. 21/2011

Yfirferð stofnunarinnar á kostnaðargreiningu á heildsöluverðum Símans hf. fyrir aðgang að föstu almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki (markaðir 1-2). Samkvæmt endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans voru aðgangsgöld fyrir POTS port hækkuð um 3,6% og fyrir ISDN port um 3,4%, en ISDN stofntengingar (30 rásir) lækkuðu um 13%.
Jafnframt voru ákvörðuð heildsöluverð fyrir aðgang að símstöð, fast forval og einn heilstæða reikning (FFER), auk ýmissa stofn- og þjónustugjalda.

- **Já upplýsingaveitur reki upplýsingaveitu um símanúmer og gefi út símaskrá**

Ákvörðun nr. 22/2011

Já upplýsingaveitur hf. útnefndar með skyldu til að veita alþjónustu að því er varðar útgáfu símaskrár og rekstur upplýsingaveitu um símanúmer.

- **Brot Nova á trúnaðarskyldum**

Ákvörðun nr. 23/2011

Málið varðaði kvörtun Símans vegna meintra brota Nova á trúnaðarskyldum félagsins með því að nota fjarskiptaumferðarupplýsingar í öðrum tilgangi en gert er ráð fyrir í 26. gr. fjarskiptalaga og samtengisamningi félaganna. Nova safnaði saman upplýsingum um fjölda símtala úr þjónustuveri Símans í viðskiptavini Nova á hálfs árs tímabili og afhenti Samkeppniseftirlitinu sem innlegg í rannsókn stofnunarinnar á meintu broti Símans á samkeppnislögum. Nova hafði öðlast umræddar upplýsingar í tengslum við framkvæmd samtengisamnings félaganna.
Niðurstaða PFS var sú að Nova hefði brotið gegn 26. gr. fjarskiptalaga, 3. mgr. 9. gr. samtengisamnings Símans og Nova og jafnræðiskvöð þeirri sem lögð hefði verið á félagið með ákvörðun PFS nr. 18/2010, með því að hagnýta sér fjarskiptaumferðarupplýsingar sem vörðuðu heildsölusamskipti fyrirtækjanna í öðrum tilgangi en þar væri til ætlast. PFS fyrirskipaði Nova að eyða öllum gögnum um fjarskiptaumferð sem safnað hefði verið um símtöl úr þjónustuveri Símans í símanúmer í farsímaneti Nova og setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði 7. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga og skilyrði sem Persónuvernd kynni að setja. Reglurnar skyldu bornar undir PFS til samþykktar eigi síðar en 1. október 2011.

- **Ágreiningur um gjaldfærslu og skráningu rétthafa myndlykils á vegum Fjarskipta**

Ákvörðun nr. 24/2011

PFS barst kvörtun vegna gjaldfærslu fjarskiptafyrirtækisins Fjarskipta ehf. (Vodafone)vegna notkunar á myndlykli. Fyrirtækið var með

kvartanda skráðan sem rétthafa en hann var ekki sammála því og taldi sig því ekki vera sá aðili sem ætti að greiða fyrir notkunina.
Niðurstaða PFS var að reglur og viðskiptaskilmálar þeir er giltu um sjónvarpsdreifingu Fjarskipta ehf. (Vodafone) væru ekki í andstöðu við ákvæði laga um fjarskipti nr. 81/2003 en varðandi það hvort Vodafone hafi verið heimilt að skrá kvartanda sem rétthafa að umræddum myndlykli heyrði það ekki undir verkssvið stofnunarinnar þar sem hana skorti valdheimildir.

- **Óumbeðin fjarskipti**

Ákvörðun nr. 25/2011
Kvartað var vegna SMS sendingar í markaðslegum tilgangi frá Hringiðunni sem taldi að ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 um fjarskipti bannaði ekki að send væru SMS skilaboð í markaðslegum tilgangi þegar móttakandi væri ekki bannmerktur í símaskrá, en slíkar sendingar væru vægari nálgun en að hringja í viðkomandi aðila.
Niðurstaða PFS var að Hringiðan hafi brotið gegn 1. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga með því að senda SMS skilaboð til kvartanda í markaðslegum tilgangi. Gilti sama regla um þetta og ætti við um sendingu tölvupósts í slíkum tilgangi, þ.e. að afla þurfi fyrirfram samþykkis móttakanda fyrir slíkum sendingum. Sú staðreynd að númerið væri ekki bannmerkt í símaskrá skipti ekki máli, en slíkar merkingar taki til úthringinga í markaðslegum tilgangi. Þá hafi ekki viðskiptasamband á milli kvartanda og Hringiðunnar og því gilti fyrrnefnt undantekningarákvæði í lögunum ekki í þessu tilfelli.

- **Hækkun á gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar (0 – 50 gr.)**

Ákvörðun nr. 26/2011
PFS samþykkti með breytingum beiðni Íslandspósts hf. um hækkun gjaldskrár fyrir bréf innan einkaréttar (0 - 50 gr.). Íslandspóstur óskaði eftir samþykki PFS á verðhækkun um 11,1%, vegna kostnaðarhækkana samfara kjarasamningi Íslandspósts og Póstmannafélags Íslands.
Niðurstaða PFS var að tilgreindar forsendur Íslandspósts fyrir verðhækkun væru ekki að öllu leyti fyrir hendi til að stofnunin gæti samþykkt hækkunarbeiðnina óbreytta. PFS samþykkti því allt að 7,8% hækkun gjaldskrár einkaréttarpósts til að mæta umræddum kostnaðarauka. Burðargjald fyrir 50 gr. bréf færi úr 90 kr. í allt að 97 kr. með þeirri 7,8% hækkun sem nú væri heimiluð.

- **Viðmiðunartilboð Mílu fyrir hýsingu**

Ákvörðun nr. 27/2011
Ákvörðunin varðar viðmiðunartilboð Mílu vegna aðstöðuleigu sem spannar heimtaugarmarkað (markaður 11) og leigulínumarkað (markaður 13 og markaður 14). Með viðmiðunartilboðinu er horft heildstætt á aðstöðuleigu fyrirtækisins en ekki einstakar tegundir þjónustu eða einstaka markaði.
Í ákvörðun PFS var lögð til grundvallar sú flokkun á hýsingarstöðum sem fram kom í ákvörðun PFS nr. 41/2010 varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á verðskrá fyrir aðstöðuleigu (hýsingu), þ.e. hýsingarstöðum er skipt niður eftir staðsetningu þeirra. Einnig voru samþykktir skilmálar Mílu um afsláttarkjör sem og lengd uppsagnarfrestar, en í samráðsferli PFS voru gerðar athugasemdir við umræddra skilmála.

- **Krafa Fjarskipta ehf. (Vodafone) um aðgang að ljósleiðurum Mílu á landsbyggðinni**

Ákvörðun nr. 28/2011
Málið snerist um aðgang Vodafone að leigulínum Mílu á fimm leiðum á landsbyggðinni. Um var að ræða aðgang að svokölluðum svörtum ljósleiðurum en það eru ljósleiðarasambönd án endabúnaðar eða annarrar þjónustu af hálfu þjónustusala. PFS þurfti að leggja mat á það hvort beiðnir Vodafone fælu í sér sanngjarnar, eðlilegar, raunhæfar og framkvæmanlegar beiðnir um aðgang að slíkum ljósleiðurum í samræmi við þær kvaðir sem lagðar voru á Mílu með ákvörðun PFS nr. 20/2007 um leigulínumarkaði. Hér vógust á samkeppnissjónarmið og sjónarmið þjónustuaðila er snúa að svigrúmi hans til að haga þróun og útbreiðslu fjarskiptanetsins með þeim hætti sem hagkvæmast þykir út frá hans sjónarhóli.
Annars vegar varðaði málið uppsögn Mílu á ljósleiðarasambandi á milli Egilsstaða og Hafrafells sem er um 7 km. leið. Niðurstaða PFS var sú að Mílu væri óheimilt að segja upp umræddu sambandi nema félagið byði Vodafone upp á tvær nánar tilteknar staðgöngulausnir sem Vodafone gæti valið um.
Hins vegar varðaði málið synjun Mílu á beiðnum Vodafone um kaup á ljósleiðarasamböndum á fjórum nýjum stöðum. Niðurstaðan var sú að Mílu bæri að veita Vodafone aðgang að ljósleiðara á milli Egilsstaða og Fellabæjar, Dalvíkur og Ólafsfjarðar og Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Hins vegar væri Mílu ekki skylt að veita Vodafone aðgang að ljósleiðara á milli Keflavíkur og Sandgerðis þar sem ljósleiðarar lægju ekki þar á lausu.

- **Varðveislutími upplýsinga um fjarskiptaumferð hjá Símanum**

Ákvörðun nr. 29/2011
Persónuvernd sendi PFS erindi þar sem vakin var athygli á varðveislutíma upplýsinga um fjarskiptaumferð hjá Símanum. Hafði Persónuvernd fengið þær upplýsingar hjá Símanum að slík gögn væru geymd í 12 mánuði en ekki 6 mánuði eins og tilgreint væri í fjarskiptalögum. Niðurstaða PFS var að ákvæði í verklagsreglum Símans um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna væri ekki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 42. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti sem kveður á um hámarksvarðveislutíma fjarskiptaumferðarupplýsinga. Var þeim fyrirmælum beint til Símans að aðlaga verklagsreglur fyrirtækisins um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna til samræmis við ofangreinda túlkun Póst- og fjarskiptastofnunar á ákvæði 42. gr. fjarskiptalaga.

- **Kostnaðargreining Mílu ehf.**

Ákvörðun nr. 30/2011
PFS samþykkti kostnaðargreiningu Mílu á heildsöluverðum fyrir aðgang að koparheimtaugum, tengigrindum og einskiptisgjöld tengd koparheimtaugum með breytingum. Um var að ræða 4,3% hækkun frá núverandi gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaug og fyrir skiptan aðgang. Stofngjöld heimtauga voru samræmd og hækkuðu um 19% miðað við vegið meðaltal núverandi gjaldskrár. Einnig hækkaði verð fyrir aðgang að tengigrind um 19%.

Ávörðun PFS: Fjarskiptafyrirtæki geta lokað fyrir aðgang að tilteknum heimasíðum

Með úrskurði sínum nr. 5/2011 felldi úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála úr gildi ákvörðun PFS nr. 8/2011 varðandi lokun á tilteknum heimasíðum. Ástæða úrskurðarins var meintur formgalli og var málið sent aftur til PFS.

Málið hófst í framhaldi af tveimur kvörtunum sem bárust til PFS vegna þess að Síminn og Vodafone höfðu orðið við beiðni Ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Barnaverndarstofu, Barnaheilla, Heimila og skóla, SAFT, Lýðheilsustöðvar, Umboðsmanns barna og Stígamóta um að loka fyrir aðgang að vefsíðunni www.slembingur.org þar sem hún innihéldi ólöglegt efni. Þriðja kvörtunin barst mun síðar og var málið var langt komið í vinnslu innan stofnunarinnar þegar hún barst.Þar sem sú kvörtun var samhljóða hinum fyrri var málinu haldið áfram og niðurstaða PFS birt með ákvörðun nr. 8/2011 þar sem stofnunin taldi í fyrsta lagi að hún væri ekki bær til að ákvarða um lögmæti innihalds fjarskipta. Varðandi rétt fjarskiptafyrirtækja til að loka á vefsíður taldi stofnunin að ekkert í fjarskiptalögum eða reglum kæmi í veg fyrir slíka lokun væru skilyrði fyrir takmörkun tjáningarfrelsis uppfyllt, samkvæmt 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, og farið eftir upplýsinga- og tilkynningaskyldu samkvæmt 21. gr. reglna nr. 1223/2007 um vernd, virkni og gæði IP-fjarskiptaþjónustu.

Þessi ákvörðun var kærð til úrskurðarnefndar sem felldi ákvörðun PFS úr gildi á þeim forsendum að þriðja kvartandanum sem sendi inn kvörtun samhljóða þeim fyrri hefði ekki verið veittur tilskilinn andmælaréttur.

Stofnunin ákvarðaði aftur um málið með ákvörðun sinni nr. 31/2011 og var sú ákvörðun efnislega samhljóða þeirri fyrri. Sú ákvörðun var einnig kærð en úrskurðarnefndin vísaði þeirri kæru frá sökum þess að hún barst ekki innan tilskilins kærufrests.

- **Lokun fyrir aðgang að tilteknum heimasíðum**

Ákvörðun nr. 31/2011

Ákvörðun þessi er í raun endurákvörðun í máli sem ákvörðun PFS í apríl, nr. 8/2011, fjallaði um, þ.e. þrjár kvartanir vegna lokunar fjarskiptafyrirtækja á tilteknar vefsíður. (Sjá ákvörðun PFS nr. 8/2011)
Eftir að sú ákvörðun hafði verið birt krafðist einn kvartanda þess að málið yrði tekið upp aftur. Hafði hann sent kvörtun sína inn allmiklu seinna en hinir tveir, en þar sem PFS taldi allar kvartanirnar efnislega samhljóða og beinast að sömu fjarskiptafyrirtækjunum ákvað stofnunin að ákvarða í málinu á grundvelli allra kvartananna þriggja. Taldi kvartandinn að andmælaréttur hans hefði verið brotinn þar sem ekki hefði verið tekið tillit til atriða og krafna sem hann setti fram í bréfi til stofnunarinnar áður en ákvörðun hennar var birt . PFS hafnaði því að taka málið upp, enda hefði ekkert nýtt komið fram hjá viðkomandi sem réttlætti það. Í framhaldinu kærði kvartandinn ákvörðunina til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem felldi ákvörðun PFS úr gildi og taldi hafa verið brotið á andmælarétti umrædds kvartanda. Var stofnuninni falið að taka málið til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.
PFS birti nýja ákvörðun í málinu, nr. 31/2011, í desember 2011. Þar kemst stofnunin efnislega að sömu niðurstöðu og áður, þ.e. að fjarskiptalög og reglur settar með stoð í þeim geri ráð fyrir að til takmörkunar á aðgangi að ólögmætu efni á fjarskiptanetum geti komið. Hvorki núgildandi lög né reglur settar með stoð í þeim kveði á um skyldu fjarskiptafyrirtækja að bíða niðurstöðu dómstóla um lögmæti efnis á fjarskiptanetum þeirra áður en til takmörkunar kemur.
Ennfremur að PFS sé ekki bær til að skera úr um lögmæti aðgangshindrana Fjarskipta ehf. (Vodafone) og Símans hf. að ákveðnum vefsíðum, þ.á.m vefsíðunni www.slembingur.org. Slíkt feli í sér mat á lögmæti þess efnis sem finna má á umræddum vefsíðum sem skv. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skuli einungis fara fram fyrir dómstólum.

- **Alþjónusta í fjarskiptum**

Ákvörðun nr. 32/2011

Útnefning Mílu ehf. og Símans hf. með áframhaldandi skyldu til að veita alþjónustu í fjarskiptum á starfssvæði sínu til ársloka 2012 með mögulegri framlengingu í eitt ár.

- **Breyting á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta**

Ákvörðun nr. 33/2011

PFS samþykkir viðbót við viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta frá 1. ágúst 2011.

- **Kostnaðargreining Mílu ehf. á gjaldskrá fyrir lúkningarhluta leigulína**

Ákvörðun nr. 34/2011

PFS samþykkti endurskoðaða kostnaðargreiningu Mílu ehf. á lúkningarhluta leigulína, dags. 28. nóvember 2011, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni. Hin nýja verðskrá Mílu ehf. taki ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi þann 1. mars 2011, enda tilkynni Míla ehf. leigutökum um verðskrárbreytingarnar með a.m.k. 60 daga fyrirvara.

- **Kostnaðargreining Símans hf. á gjaldskrám fyrir leigulínur**

Ákvörðun nr. 35/2011

PFS samþykkti endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans hf. á stofnlínuhluta leigulína og lúkningarhluta leigulína, dags. 20. október 2011, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni. Hin nýja gjaldskrá Símans hf. taki ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. mars 2012, enda tilkynni Síminn hf. leigutökum um verðskrárbreytingarnar með a.m.k. 60 daga fyrirvara.

Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála

Fjarski ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun
Úrskurður í máli nr. 6/2010 - 5. janúar 2011

Nefndin staðfestir ákvörðun PFS nr. 27/2012 um að Skipti hf. eigi aðild að máli PFS um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri Fjarska ehf. Jafnframt er vísað frá varakröfu Fjarska um að takmarka aðgang Skipta að upplýsingum hjá fyrirtækinu.

Síminn hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun
Úrskurður í máli nr. 7/2010 - 2. febrúar 2011

Nefndin staðfesti ákvörðun PFS nr. 28/2010 er varðar rekstrargjald Símans vegna tiltekinna tekna sem félagið hélt fram að mynduðu ekki stofn til rekstrargjalds. Í framhaldinu endurákvarðaði PFS rekstrargjald Símans með ákvörðun nr. 7/2011

Sigríður Guðbjartsdóttir gegn Póst- og fjarskiptastofnun
Úrskurður í máli nr. 9/2010 - 1. mars 2011

Nefndin felldi úr gildi ákvörðun PFS nr. 31/2012 um heimild Íslandspósts til að minnka þjónustu við bæinn Láganúp í Kollsvík í Vesturbyggð.

Keran St. Ólason og Birna Mjöll Atladóttir gegn Póst- og fjarskiptastofnun
Úrskurður í máli nr. 8/2010 - 3. mars 2011

Nefndin felldi úr gildi ákvörðun PFS nr. 32/2012 um heimild Íslandspósts til að minnka þjónustu við bæinn Breiðuvík í Vesturbyggð.

Deilt um aðgang að gagnagrunni Já upplýsingaveitna um símanúmer landsins

Með ákvörðun sinni nr. 22/2011 útnefndi PFS Já upplýsingaveitur með alþjónustuskyldur til að gefa út símaskrá og halda úti upplýsingaveitu um símanúmer. Einnig var Já gert að veita öðrum aðilum aðgang að gagnagrunni sínum um símanúmer landsins á kostnaðarverði, að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Úrskurðarnefnd taldi slíka skyldu íþyngjandi fyrir Já upplýsingaveitur og ekki væri lagastoð fyrir henni. Nefndin felldi úr gildi ákvörðun PFS þar að lútandi með úrskurði sínum nr. 4/2011.

PFS taldi niðurstöðu úrskurðarnefndar hafa óæskileg áhrif á þróun samkeppni í miðlun símaskráruppplýsinga og ganga gegn markmiði alþjónustukvaða samkvæmt fjarskiptalögum, um að tryggja samræmdan og heildstæðan gagnagrunn um öll símanúmer. Þar sem aðgangskvöðin sé ekki lengur í gildi er hugsanlegt að áhugasamir þjónustuveitendur komi sér upp eigin símskrárgagnagrunni með samningum við fjarskiptafyrirtæki, en það kann að ógna heildstæði skrárhaldsins, t.d. með tilliti til bannmerkinga. Að öðrum kosti þurfa þjónustuveitendur að kaupa aðganginn af Já upplýsingaveitum sem frumniðurstöður kostnaðargreiningar PFS hafa leitt í ljós að sé verðlagður langt umfram kostnaðarverð og gefi því ekki möguleika á eðlilegum heildsöluviðskiptum.

Af úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála má hins vegar ráða að sú staða sem nú er uppi varðandi gagnagrunn Já upplýsingaveitna ehf. kunni hugsanlega að brjóta í bága við samkeppnislög, en nefndin vísar til þess að hugsanlega sé hægt að mæla fyrir um aðgangskvöð að gagnagrunni Já upplýsingaveitna ehf. á grundvelli samkeppnislaga, að vissum skilyrðum uppfylltum.

PFS sendi málið áfram til Samkeppniseftirlitsins í samræmi við þá leiðbeiningaskyldu stjórnsýslulaga sem felst í því að koma málum til úrlausnar rétts aðila innan stjórnsýslunnar.

Póstmarkaðurinn ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun
Úrskurður í máli nr. 10/2010 - 13. apríl 2011
Nefndin felldi úr gildi ákvörðun PFS nr. 36/2012 um breytingar á skilmálum Íslandspósts vegna dreifingar á pósti frá stórnotendum. Með ákvörðuninni hafði PFS heimilað Íslandspósti að dreifa pósti frá stórnotendum á 1- 5 dögum eftir móttöku. Í henni var m.a. vísað til þess að stórnotendur fengju viðbótarafslátt sem næmi allt að 11% prósentustigum ofan á hæstu afsláttarprósentu sem í gildi væri fyrir almennan magnpóst. Þessi munur á afsláttarkjörum yrði ekki skýrður að öllu leyti nema með lengri dreifingartíma. Stofnunin myndi síðan taka til sérstakrar skoðunar hvert hið raunverulega kostnaðarhagræði Íslandspósts væri við að taka á móti pósti samkvæmt gjaldskrá fyrir stórnotendur
Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar segir m.a. að á meðan ekki lægi fyrir hvort og þá hvaða kostnaðarlegt hagræði hlytist af hinum nýju skilmálum yrði ekki séð að rök stæðu til þess að umrædd skilmálabreyting yrði heimiluð.
Nefndin hafnaði hins vegar þeim rökum kæranda að reglur stjórnsýsluréttarins um rannsóknarskyldu og andmælarétt hafi verið brotin. Jafnframt tók nefndin undir með PFS að nauðsynlegt væri að markaðurinn hér á landi fengi að þróast og Íslandspóstur fengi tækifæri til að bjóða upp á mismunandi vöruflokka, m.a. að því er varðar afhendingartíma sendinga, sem endurspeglaðist síðan í gjaldskrá fyrirtækisins.

Símafélagið ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun
Úrskurður í máli nr. 1/2011 - 10. júní 2011
Nefndin staðfesti ákvörðun PFS nr. 40/2010 um fyrirhugað fyrirkomulag SIP ehf. á skráningu á númeraröð í HÍN

Póstmarkaðurinn ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun. Um frestun á réttaráhrifum
Úrskurður í máli nr. 2/2011 - 18. júlí 2011
Nefndin hafnar kröfu Póstmarkaðarins um frestun á réttaráhrifum ákvörðunar PFS nr. 16/2011 um viðskiptaskilmála Íslandspósts vegna breytinga á dreifikerfi fyrirtækisins.


[X] gegn Póst- og fjarskiptastofnun
Úrskurður í máli nr. 5/2011 - 22. september 2010
Nefndin felldi úr gildi ákvörðun PFS nr. 8/2011 um lokun á aðgangi að tilteknum heimasíðum þar sem andmælaréttur kæranda hefði ekki verið virtur. Í framhaldi af úrskurðinum tók PFS málið upp aftur og endurákvarðaði með ákvörðun sinni nr. 31/2011 sem var efnislega samhljóða þeirri fyrri.

Póstmarkaðurinn ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun.
Endanlegur úrskurður í máli nr. 2/2011 - 10. október 2011
Nefndin staðfesti þann ákvörðun PFS nr. 16/2011.
Málið varðaði breytingar á viðskiptaskilmálum Íslandspósts sem kærandi taldi ólögmætar og að forsendur Íslandspósts um kostnaðarlegt hagræði stæðust ekki. Með skilmálabreytingunni var tekið upp svokallað XY dreifingarkerfi, sem felur í sér að hverju póstburðarhverfi var skipt í tvennt (XY). Almennum pósti er dreift daglega í allt hverfið, þ.e. bæði X og Y hluta þess, en pósti frá stórnotendum er fyrri daginn dreift í annan helming hverfisins en hinum helmingnum er dreift degi síðar.

Fjarskipti ehf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun
Úrskurður í máli nr. 3/2011 - 24. október 2011
Nefndin staðfesti ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 18/2011 um framlengingu á MMDS tíðniheimild Fjarskipta ehf. (Vodafone). Fyrirtækið hafði óskað eftir framlengingu á tíðniheimildinni til ársins 2020 en PFS komst að þeirri niðurstöðu að af ástæðum sem tilgreindar eru í ákvörðuninni skyldi framlengja gildistíma tíðnileyfisins um þrjú ár með möguleika á frekari framlengingu.

Já upplýsingaveitur hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun
Úrskurður í máli nr. 4/2011 - 17. nóvember 2011
Nefndin felldi úr gildi 4. tölulið í þeim alþjónustukvöðum sem Póst- og fjarskiptastofnun lagði Já upplýsingaveitur ehf. með ákvörðun PFS nr. 22/2011 þess efnis að fyrirtækinu væri skylt að veita aðgang að gagnagrunni símanúmera á kostnaðarverði að viðbættri hæfilegri álagningu. Taldi úrskurðarnefnd að ákvæði fjarskiptalaga hefðu ekki að geyma nógu skýra og ótvíræða lagastoð fyrir svo íþyngjandi ákvörðun.

Skipurit, deildir og starfsmenn PFS



Skipurit Póst- og Fjarskiptastofnunar

Forstjóri Póst og fjarskiptastofnunar er Hrafnkell V. Gíslason

Framkvæmdastjórn er skipuð forstjóra og forstöðumönnum lögfræðideildar, greiningardeildar, tæknideildar og stoðþjónustu.

Greiningardeild

Greiningardeild ber ábyrgð á markaðsgreiningu og álagningu og eftirfylgni fjárhagslegra kvaða í framhaldi af því. Deildin sinnir almennri hagfræðilegri greiningu á verksviði PFS, safnar upplýsingum um verðlagningu og tölfræði og er ábyrg fyrir úrvinnslu og birtingu gagna. Greiningardeild hefur einnig umsjón með rekstri vefsins Reiknivél PFS um fjarskiptakostnað fyrir neytendur. Starfsmenn greiningardeildar á árinu 2011 voru Óskar Þórðarson forstöðumaður og sérfræðingarnir Guðmann Bragi Birgisson, Ragnar Kristinsson og Snorri Þór Daðason.

Lögfræðideild

Lögfræðideild ber ábyrgð á vinnslu stjórnsýsluerinda, lausn deilumála, álagningu og eftirfylgni kvaða sem ekki eru fjárhagslegar, alþjónustu og neytendamálum. Jafnframt sér deildin um formleg alþjóðleg samskipti. Starfsmenn lögfræðideildar á árinu 2011 voru Björn Geirsson forstöðumaður og staðgengill forstjóra, Ari Jóhannsson sem sér um alþjóðamál og lögfræðingarnir Friðrik Pétursson ,
Guðmunda Á. Geirsdóttir, Margrét Gunnarsdóttir, Óskar Hafliði Ragnarsson og Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir.

Tæknideild

Tæknideild sér um skipulag og stjórnun tíðnimála og sinnir eftirliti með notkun ljósvakans. Hún hefur markaðseftirlit með fjarskiptatækjum, sinnir net- og upplýsingaöryggi og sér um skoðun radíóbúnaðar um borð í skipum. Tæknideild er einnig öðrum deildum til ráðgjafar varðandi tæknileg álitamál sem geta haft áhrif á eftirlitshlutverk stofnunarinnar á samkeppnismarkaði í nútíð og framtíð.

Starfsmenn tæknideildar á árinu 2011 voru Þorleifur Jónasson forstöðumaður,
Bjarni Sigurðsson sérfræðingur á sviði númeramála,tíðnimála og uppbyggingar og virkni fjarskiptaneta,
Hafþór Óskarsson sérfræðingur um net- og upplýsingaöryggi,
Hörður R. Harðarson sérfræðingur um tíðnimál,radíóamatörar,
Jósef Kristjánsson skipaskoðunarmaður,
Kjartan T. Hjörvar, sérfræðingur, CERT-ÍS,
Óskar Sæmundsson,skipaskoðunarmaður,
Sindri Bjarnason, sérfræðingur, CERT-ÍS,
Stefán Snorri Stefánsson, hópstjóri, CERT-ÍS.

Stoðdeild sér um rekstrarmál, upplýsingakerfi, mannauðsmál, gæðamál og kynningarmál og styður allt innra starf stofnunarinnar.
Starfsmenn stoðdeildar á árinu 2011 voru Jóhanna Harpa Árnadóttir forstöðumaður ,
Anna Dóra Guðmundsdóttir mannauðs- og gæðastjóri, Anna Margrét Sigurðardóttir kynningarfulltrúi,
Erla Linda Benediktsdóttir móttökuritari og Ingibjörg Sivertsen skjalavörður

Tvö fagteymi voru starfandi innan PFS á árinu, þ.e. teymi um markaðsgreiningar og netöryggissveitin CERT-ÍS sem er viðbragðsteymi í netöryggismálum.

Skoðun fjarskiptabúnaðar í skipum

Skoða skal fjarskiptabúnað í öllum skipum árlega. Póst- og fjarskiptastofnun hefur yfirumsjón með skoðun skipa lengri en 24 m.

Faggildar skoðunarstofur skoða smábáta og skip sem eingöngu eru með metrabylgjutalstöðvar og AIS og sigla eingöngu á hafsvæði A1.

Starfsmenn PFS skoða fjarskiptabúnað í öðrum skipum.

Að skoðun lokinni er gerð skoðunarskýrsla sem vottar hvort fjarskiptabúnaður er í lagi. Ef búnaðurinn stenst allar kröfur er öryggisvottorð skipsins stimplað og undirritað af skoðunarmanni.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út öryggisvottorð fyrir minni skip, sem sigla eingöngu á hafsvæði A1. Einnig gefur PFS út öryggisvottorð fyrir önnur skip en fiskiskip sem sigla á öllum hafsvæðum.

Hafsvæði

Kröfur um fjarskiptabúnað skipa ráðast af því hafsvæði sem skipið hefur heimild til að sigla á (A1, A2, A3 og A4).

- **Hafsvæði A1** takmarkast af langdrægi strandstöðvar til talfjarskipta og viðvarana með stafrænu valkalli (DSC) á metrabylgju (VHF).
- **Hafsvæði A2** er svæði utan við hafsvæði A1, sem takmarkast af langdrægi strandstöðvar til talfjarskipta og viðvarana með stafrænu valkalli (DSC) á millibylgju (MF).
- **Hafsvæði A3** er svæði utan hafsvæða A1 og A2, sem takmarkast af langdrægi kyrrstæðra INMARSAT gervihnatta til sendinga viðvarana, þ.e. milli 70° N og 70° S.
- **Hafsvæði A4** er svæði utan hafsvæða A1, A2 og A3.

Kröfur um réttindi þeirra sem annast fjarskipti

Þeir sem annast fjarskipti um borð í skipum verða að hafa til þess réttindi og gefur Póst- og fjarskiptastofnun út skírteini því til staðfestingar.

- Á hafsvæði A1 skal sá sem er ábyrgur fyrir fjarskiptum vera handhafi takmarkaðs skírteinis fjarskiptamanns (ROC, Restricted Operator's Certificate). Skal a.m.k. einn starfsmaður hafa þessi réttindi.
- Á hafsvæði A2, skal hafa um borð a.m.k. einn starfsmann með almennt talstöðvarvarðarskírteini (GOC, General Radiotelephone Operator"s Certificate).
- Skip, sem mega sigla á hafsvæðum A3 og A4, skulu hafa a.m.k. tvo starfsmenn með almennt fjarskiptamannsskírteini (GOC, General Operator"s Certificate).

Starfsemin í tölum 2011

Útgáfa leyfisbréfa fyrir radíótæki

Flugvélar	71
Skip	1118
Landfarstöðvar á metrabylgju - VHF	181
Landfarstöðvar á desimetrabylgju -UHF	0
Landfarstöðvar á millibylgju MF	0
Handstöðvar á metrabylgju VHF	233
Handstöðvar á desimetrabylgju	70
Landmóðurstöðvar á metrabylgju	3
Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju	0

Útgáfa skírteina fyrir notendur

Fjarskiptaskírteini, skip (GOG)	114
Fjarskiptaskírteini, skip (ROC)	32
Amatörar, innlendir	8
Amatörar, erlendir	0
Amatörar, ýmislegt	40

Úthlutun einkennisnúmera

Númer fyrir skip	150

Skoðanir á bátum og skipum - skipting eftir landssvæðum

Reykjavík	33
Norðvesturkjördæmi	54
Norðausturkjördæmi	35
Suðurkjördæmi	65
Suðvesturkjördæmi	9
Skip skráð erlendis	22
Skip skoðuð erlendis	1

Radíóbúnaðarskoðun í skipum og opnum vélbátum

Bátar styttri en 24 m. Skoðaðir af skoðunarstofum og Siglingastofnun Íslands	1.252
Bátar lengri en 24. m. og skip	219
Skemmtibátar skoðaðir af eigendum	63

Tíðnum úthlutað 2011

Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar	10
Fastasambönd (fj. linka)	65
Farstöðvarkerfi á VHF og UHF	50
MF og HF	8
Skammtímahljóðvarp	68
Önnur tímabundin leyfi f. innl. aðila	30
Tímab. leyfi fyrir útlendinga	60

Skráðar landstöðvar

Fastastöðvar

Metrabylgjustöðvar (VHF)	383
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	52
Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	23
Boðtæki	21

Farstöðvar í bifreiðum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	441
Metrabylgjustöðvar (VHF)	6.106
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	115

Handstöðvar og merkjasendar

Metrabylgjustöðvar (VHF)	5.282
Desimetrabyljgustöðvar (UHF)	939
Merkjasendar (vitar)	44
Ýmis búnaður	156

Stöðvar í skipum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	31
Milli- og stuttbylgjustöðvar (Combined MF/HF)	210
Metrabylgjustöðvar (VHF)	3.000
Neyðartalstöðvar	599
STK tæki (VHF)	272
Radarsvarar (UHF)	226
Navtex (LF)	236
Neyðarbaujur, fríljótandi (406 MHz)	326
Neyðarbaujur í björgunarbátum og inni (406 MHz)	2.375
Inmarsat B	2
Inmarsat C	223
Inmarsat M	14
AIS (Sjálfvirkt auðkenniskerfi)	1.499

Kvartanir vegna truflana

Kvartanir vegna truflana	19

Númerum úthlutað

Númerum úthlutað	2.793.140

Ársreikningur Póst- og fjarskiptastofnunar 2011

Rekstrarreikningur árið 2011

	2011	2010
Tekjur		
Markaðar tekjur	294,927,438	281,177,671
Rekstrartekjur	20,008,301	17,403,834
	314,935,739	298,581,505
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	210,576,488	182,269,659
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	17,600,276	13,290,271
Funda- og ferðakostnaður	11,820,638	12,407,309
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	12,773,796	34,103,586
Rekstur tækja og áhalda	1,113,538	3,634,152
Annar rekstrarkostnaður	5,515,289	4,977,351
Húsnæðiskostnaður	23,173,713	20,829,641
Félagsgjöld til alþjóðastofnana	19,790,632	32,967,985
Bifreiðarekstur	730,727	674,593
Tilfærslur	0	225,300
	303,095,097	305,379,847
Eignakaup	17,583,832	13,071,680
	320,678,929	318,451,527
(Tekjuhalli), tekjuafgangur fyrir hrein fjármagnsgjöld	(5,743,190)	(19,870,022)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1,380,347	2,975,549
(Tekjuhalli), tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(4,362,843)	(16,894,473)
Ríkisframlag	2,500,000	0
(Tekjuhalli), tekjuafgangur ársins	(1,862,843)	(16,894,473)

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	2011	2010
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	58,758,680	48,392,996
Viðskiptakröfur	7,757,532	6,607,189
Handbært fé	28,742,828	27,218,566
Eignir alls	95,259,040	82,218,751
Eigið fé og skuldir		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	53,467,987	77,462,460
Millifært (á)/af bundið eigið fé	(10,500,000)	(7,100,000)
(Tekjuhalli), tekjuafgangur ársins	(1,862,843)	(16,894,473)
Höfuðstóll	41,105,144	53,467,987
Annað eigið fé:		
Bundið eigið fé	32,400,000	21,900,000
Annað eigið fé	32,400,000	21,900,000
Eigið fé	73,505,144	75,367,987
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	21,753,896	6,850,764
Skuldir	21,753,896	6,850,764
Eigið fé og skuldir	95,259,040	82,218,751